

## Barnavinurinn besti. Bólusetninga Bill og mannvinaauðvaldið: II

Fólksfækkun, þ.e. getnaðarvarnir, ófrjósemisaðgerðir og fóstureyðingar, m.a. við bólusetningar, er afar vinsælt viðfangsefni. Rannsóknir í þessu skyni stunda, auk WHO; Mannfjöldastofnun SP (UN Population Fund), Þróunaráætlun SP (UN Development Programme), Alþjóðabankinn (World Bank), Mannfjöldaráðið (Population Council), Rockefellerstofnunin, Barnaheilbrigðis- og mannþróunarstofnun Bandaríkjanna (US National Institute of Child Health and Human Development), Læknávisindastofnun Indlands (All India Institute of Medical Sciences), Ríkisháskólinn í Ohio og háskólarnir í Uppsölum og Helsingfors.

Indverjar fengu á tímabili nóg af bólusetningartilraunum Bill Gates í landinu. Honum var vísað að brott með allt sitt bólusetningahyski, en náði að kaupa sér náð síðar, þ.e. veitti forsætisráðherra Narendra Modi verðlaun fyrir bólusetningar. Líklega bar hæst tilraun Bill með bóluefni við lömunarveiki (polio/oliomyelitis) og bóluefni við leghálskrabbameini (cervical cancer).

Síðastnefnda bólusetningartilraunin átti sér stað í Khamman héraði í Andhra Pradesh. Sextán þúsund stúlkur á aldrinum 9 til 15 voru bólusettar með Gardasil (Human Papilloma Virus Vaccine – HVP) Stúlkuskinnin fengu alls konar aukaverkanir, nokkrar létust. Svipuð tilraun var gerð í Vadodara í Gujarat á rétt um 14.000 stúlkum, en nú notað bóluefnið Cervarix. Um var að ræða stúlkur minnihlutabjórðarbrotta (ethnic) í Indlandi, sem almennt bjuggu í opinberum skólabúðum.

Algengar aukaverkanir eru krampar, magaverkir, höfuðverkir, geðsveiflur, snemmkomnar tíðablæðingar og tíðakrampar.

(Sú grátbroslega markaðsvæðing hefur átt sér stað, að piltar eru nú líka bólusettir, þótt ekkert hafi legið – að því að talið er. Því er haldið fram, að „leghálsveiran“ geti valdið krabbameini í hálsi.)

Svipaða sögu er að segja af tilraunum með bóluefni við lömunarveiki. Þar hefur bóluefnið leitt til faraldurs, sem er skæðari en sá, sem stafar af villtu veirunni. Trúlega hefur tæp hálf milljón barna orðið lömunarveiki að bráð við bólusetningar á árabílinu 2010-2017. Þetta hneyksli varð til þess, að þing landsins samþykkti að vísa starfsemi Bill úr landi eins og áður er bent á.

Bill hefur gert svipaðar tilraunir víða í Afríku. Í litlu þorpi í Chad, Gouro, voru 500 börn bólusett með nýju bóluefni hans og félaga, MenAfriVac. Að minnsta kosti 40 þeirra á aldrinum 7 til 18 hafa lamast, fengu krampa og ofskynjanir.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur lagt blessun sínar yfir öryggisrannsóknir á bóluefninu.

Tilraunabólusetningar á börnum „þriðja heimsins“ eru reyndar ekki nýjar af nálinni. Bill fetar sem sé troðnar slóðir. Á níunda áratugi síðustu aldar voru t.d. gerðar bólusetningartilraunir á börnum, frá sex mánaða aldri til þriggja ára, með þríeinu bóluefni (DTP) við stífkrampa (tetanus), barnaveiki (diphtheria) og kíghósta (pertussis) í Gínea Bissau. Rannsóknir Sören Wengel Mogensen og félaga sýndu aukna dánartíðni í kjölfar bólusetninganna.

Árið 2008 fór svo GAVI (sjóður, fjármagnaður af Bill og nokkrum ríkisstjórnnum) á kreik með svipaða bólusetningaáætlun, en nú fyrir börn á fyrsta ári. Þetta er hluti áætlunar Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar, Alheims bólusetningarframtaksins (Global Vaccine Action Plan). Það virðist engu máli skipta, að bóluefnið hafi verið bannað á Vesturlöndum. UNICHEF hefur nú tekið við boltanum.

Enn eru niðurstöður rannsókna þær sömu. Peter Aaby, sem einnig tók þátt í fyrri rannsókninni, segir: „Allar aðgengilegar rannsóknaniðurstöður (evidence) bendir til að DTP bóluefnið kynni að drepa fleiri börn af öðrum orsökum en barnaveiki, stífkrampa og kíghósta.“ Aukin andlátstíðni hjá bólusettum stúlkebörnum var tífold. Baráttumaðurinn, Robert F. Kennedy yngri, kallar þetta „Bill Gates bólusetningalögmálið (effect).“

Stjórnvöld „þróunarríkjanna“ eru orðin vör um sig eins og t.d. í Nígeriu, þar sem Bandarísk stjórnvöld, þ.e. Sjúkdómavarnamiðstöðin (Centers for Disease Control – CDC) og Þjóðarheilbrigðisstofnunin (National Institute of Health) gerðu, í samvinnu við WHO, bólusetningartilraun á 17.000 þunguðum konum, í þeim yfirlýsta tilgangi að vernda börn þeirra fyrir alnæmi (HIV). Bóluefnin höfðu ekki tilætluð áhrif. Þvert á móti smituðust 1000 börn af veirunni. Það var raunar fjöldi ríkja, sem tók þátt. Tólf þúsund konur lögðu líkama sinn til.

Tveim árum síðar, þ.e. 1996, mætti Pfizer á staðinn, þegar lömunarveikifaraldur hafði brotist út, til að gera tilraunir á fólki með Trovan, sýklalyfi, sem ekki var viðurkennt í BNA. Lyf, kallað Ceftriaxona, var prófað á 200 börnum. Ellefu þeirra létust. Aukaverkanir voru m.a.; heyrnarleysi, málleysi, lömun, heilaskaði, sjóntap og þvöglumælggi.

Þessi reynsla kann að hafa leitt til þess, að mútutilburðir Bill síðar voru uppgötvaðir af fjölmiðlum þar í landi. Bill hafði boðið 10 miljónir dala, gegn því, að þingið samþykkti á

hraðbergi tillögu til laga um bólusetningaskyldu. Þetta er ekki einsdæmi í Nígeríu heldur lýsir aðferðum mannvinaauðvaldsins gagnvart fyrrum nýlenduríkjum. Þetta er ný-nýlendukúgun.

WHO og alþjóðabólusetningaaauðvaldið láta það ekki endasleppt, því nú er bóluefni við malaríu komið í tilraunadreifingu víða um Afríku. Mosquirix heitir það, fyrsta bóluefni sinnar tegundar. Það hefur fengið markaðsleyfi, en þó er einungis bólusettt með því í tilraunaskyni (pilot) á almenningi. Því rannsóknir hafa bent til þess, að eitt meinviðbragðanna sé lömunarveiki. Áhættan er tíföld almennt. Hjá stúlkubörnum tvöfaldast hættan á malaríu í heila (cerebral malaria) og einnig tvöfaldast áhættan á dauða af hvers konar völdum. Bólusetja á hvorki meira né minna en 720.000 börn.

Það vekur óneitanlega athygli, hversu áberandi eru tilburðir til fólksfækkunar, fóstureyðingar og getnaðarvarna, í viðleitni Bill og annarra úr hans sauðahúsi, til að hlúa að heilsu barna. Hugmyndir vestrænna auðjöfra og ríkja má rekja til 19. aldarinnar.

Í þessu sambandi er athyglisverð skýrsla nokkur, hálftrar aldar gömul, kennd við sjálfan Henry Kissinger, sem heitir því skrítna nafni; „Þýðing mannfjölgunar í veröldinni fyrir öryggi Bandaríkjanna og hagsmuni handan hafs“ (Implications of Worldwide Population Growth For U.S. Security and Overseas Interests).

Þessi eftirtektarverða skýrsla var unnin af Leyniþjónustunni (Central Intelligence Agency – CIA), Alþjóðapróunarstofnun Bandaríkjanna (United States Agency for International Development (USAID) og þrem ráðuneytum. Það hefur greinilega ekki verið kastað til höndunum.

Niðurstaðan kemur varla á óvart. BNA stafar ógn af mannfjöldaukningu og hagsmunir þeirra eru í húfi með tilliti til auðæva heimsins. Því beri nauðsyn til að fækka (ákveðnu) fólki. Fjölmennustu ríkjunum skal fyrst „hjálpa“ til fækkunar.

Hér endurspeglast óneitanlega erfðabótahugmyndir nasista og valinna auðkýfinga eins og Rockefellerfjölskyldunnar, Warren Buffet og Bill Gates.

Að þessu sögðu væri ekki úr vegi að íhuga orð írska skáldsins, George Bernhard Shaw (1856-1950), rituðum árið 1944:

„Á voru méli þurfa greindir foreldrar ekki að láta bólusetja börn sín. Lög bjóða heldur ekki, að það skuli gert. Það leiðir ekki til þess, að mannkindinni verði þar með útrýmt af völdum bólusóttar (small pox) eins og fylgjendur [Edward] Jenner [1749-1823 –

sem fyrstur gerði tilraun með bólusetningar] hafa spáð fyrir um. Aftur á móti er það svo, að fleiri deyja af völdum bólusetninga en af sóttarinnar völdum.“

Þessi orð virðist hafa skírskotun enn þann dag í dag.

<https://expose-news.com/2023/01/04/bill-gates-gives-ukaid-tens-of-millions/>

<https://www.bmj.com/content/368/bmj.m734/rapid-responses>

<https://www.nytimes.com/2021/05/16/business/bill-melinda-gates-divorce-epstein.html>

<https://expose-news.com/2023/01/08/gates-schwab-depopulation-agenda-covid-vaccine-exposed/>

<https://21stcenturywire.com/2022/12/29/war-on-global-agriculture-the-unsustainable-sustainable-un-agenda-2030/>

[https://childrenshealthdefense.org/research\\_db/whos-malaria-vaccine-study-represents-a-serious-breach-of-international-ethical-standards/](https://childrenshealthdefense.org/research_db/whos-malaria-vaccine-study-represents-a-serious-breach-of-international-ethical-standards/)

<https://www.wired.com/story/opinion-the-world-loses-under-bill-gates-vaccine-colonialism/>

<https://expose-news.com/2023/01/08/australian-lives-lost-to-vaccine-profiteering/>

<https://expose-news.com/2023/01/08/triple-jabbed-35x-likely-hospitalised-study/>

<https://talkafricana.com/4-unethical-medical-experiments-that-used-africans-as-guinea-pigs/>

<https://childrenshealthdefense.org/defender/gmo-mosquitoes-human-malaria-vaccine-study-nih/>

<https://expose-news.com/2023/01/09/cdc-ukgov-oxford-uni-covid-vaccine-kills/>

<https://stopworldcontrol.com/fuellmich-update/>

<https://www.dailymail.co.uk/news/article-2908963/Judges-demand-answers-children-die-controversial-cancer-vaccine-trial-India.html>

<https://www.standardmedia.co.ke/health/health-science/article/2000093238/kenyan-patients-being-used-as-guinea-pigs-by-researchers>

<https://www.bbc.com/news/world-africa-52192184>

[https://www.wemos.nl/wp-content/uploads/2016/06/The\\_Clinical\\_Trials\\_Industry\\_in\\_Kenya.pdf](https://www.wemos.nl/wp-content/uploads/2016/06/The_Clinical_Trials_Industry_in_Kenya.pdf)

<https://www.hli.org/resources/exposing-the-global-population-control/>

[https://pdf.usaid.gov/pdf\\_docs/Pcaab500.pdf](https://pdf.usaid.gov/pdf_docs/Pcaab500.pdf)

<http://www.whale.to/v/shaw1.html>

<https://journals.sagepub.com/doi/10.1080/20508549.1995.11878318>

<https://pubmed.ncbi.nlm.nih.gov/12266649/>

<https://www.scirp.org/journal/paperinformation.aspx?paperid=81838>

<https://www.gavi.org/sites/default/files/publications/progress-reports/Gavi-Progress-Report-2018.pdf>

<https://www.sott.net/article/244118-Child-Paralyzed-By-Vaccines-And-Stolen-From-Her-Mother-By-The-State>

<https://www.gavi.org/sites/default/files/document/performance-based-funding-information-sheetpdf.pdf>

<https://www.ncbi.nlm.nih.gov/pmc/articles/PMC4975064/>

<https://childrenshealthdefense.org/news/the-bill-gates-effect-whos-dtp-vaccine-kills-more-children-in-africa-than-the-diseases-it-targets/>

<https://www.biospace.com/article/releases/dtp-vaccine-associated-with-increased-rate-of-total-mortality-in-low-income-countries-says-peter-g%C3%B8tzsche-in-new-expert-report/>

<https://markets.businessinsider.com/news/stocks/dtp-vaccine-associated-with-increased-rate-of-total-mortality-in-low-income-countries-says-peter-g%C3%B8tzsche-in-new-expert-report-1028452847>

<https://pubmed.ncbi.nlm.nih.gov/28188123/>

<https://dailypost.ng/2020/05/04/bill-gate-offered-house-of-reps-10m-bribe-for-speedy-passage-of-compulsory-vaccine-bill-cupp-alleges/>

<https://www.ncronline.org/news/world/kenyas-catholic-bishops-tetanus-vaccine-birth-control-disguise>

<https://stdavidandstpatrick.org/catholic-doctors-speak/>

<https://www.thedailybeast.com/melinda-gates-warned-bill-gates-about-jeffrey-epstein>

[https://www.bibliotecapleyades.net/sociopolitica2/sociopol\\_win-micro-gates109.htm](https://www.bibliotecapleyades.net/sociopolitica2/sociopol_win-micro-gates109.htm)

<https://archive.org/details/a-deleted-bill-gates-documentary-has-been-revived>

[https://www.bibliotecapleyades.net/sociopolitica2/sociopol\\_win-micro-gates142.htm](https://www.bibliotecapleyades.net/sociopolitica2/sociopol_win-micro-gates142.htm)

<https://www.thelastamericanvagabond.com/pharma-co-license-suspended-vaccine-blamed-sterilization-500000-women-children/>

<https://www.sundayguardianlive.com/news/ethical-questions-surround-vaccine-reduce-fertility>

<https://vactruth.com/2013/01/06/paralyzed-after-meningitis-vaccine/>

<https://www.who.int/news-room/questions-and-answers/item/poliomyelitis-vaccine-derived-polio>

<https://tokentube.net/view?v=2930245124>

<https://vactruth.com/2018/05/30/fertility-regulating-vaccines-india/>

<https://nationalpost.com/health/more-polio-cases-currently-caused-by-vaccines-than-the-wild-virus-who-report>

<https://www.thehindu.com/news/cities/Delhi/vaccine-induced-paralysis-calls-for-action-says-study/article24740588.ece>

<https://www.scidev.net/global/news/oral-polio-drops-linked-to-paralysis-in-india-1x/>

<https://economictimes.indiatimes.com/industry/healthcare/biotech/healthcare/controversial-vaccine-studies-why-is-bill-melinda-gates-foundation-under-fire-from-critics-in-india/articleshow/41280050.cms>

<https://www.citizen.digital/news/who-to-support-president-kenyattas-healthcare-plan-187642>

<https://www.lifenews.com/2019/12/10/warren-buffet-foundation-spent-77-million-on-abortion-enough-to-kill-220000-babies-in-abortions/>

[https://www.huffpost.com/entry/warren-buffett-foundation-donation-contraception\\_n\\_55bfc47de4b0d4f33a03a567](https://www.huffpost.com/entry/warren-buffett-foundation-donation-contraception_n_55bfc47de4b0d4f33a03a567)

<https://www.bloomberg.com/news/articles/2015-07-30/warren-buffett-s-family-secretly-funded-a-birth-control-revolution>

[https://www.thelancet.com/journals/lancet/article/PIIS0140-6736\(16\)32184-5/fulltext?rss%3Dyes](https://www.thelancet.com/journals/lancet/article/PIIS0140-6736(16)32184-5/fulltext?rss%3Dyes)

<https://nairobinews.nation.africa/please-dont-give-our-president-any-cash-kenyans-beg-melinda-gates/>

[https://www.thelancet.com/journals/lancet/article/PIIS0140-6736\(09\)60885-0/fulltext](https://www.thelancet.com/journals/lancet/article/PIIS0140-6736(09)60885-0/fulltext)

<https://www.bitchute.com/video/oS9FBzThQfJP/>

<https://www.corbettreport.com/who-is-bill-gates-full-documentary-2020/>

<https://www.politico.com/news/2022/09/14/global-covid-pandemic-response-bill-gates-partners-00053969>

<https://www.theguardian.com/global-development/2020/sep/02/vaccine-derived-polio-spreads-in-africa-after-defeat-of-wild-virus>

<https://apnews.com/article/virus-outbreak-health-middle-east-africa-united-nations-619efb65b9eeec5650f011b960a152e9>

<https://newsrescue.com/africans-used-guinea-pigs-risky-big-pharma-drug-trials/>